

EYD-212

Heiti: Landgræðsla	Númer: 18	Flokkun: B	Dagsetning: 23.11.2007
--------------------	-----------	------------	------------------------

**Lýsing á umhverfisþætti:**

Landsvirkjun hefur allt frá árinu 1968 staðið fyrir umfangsmikilli landgræðslu á áhrifasvæðum virkjana. Tilgangur uppgræðslu var í upphafi að sjá búfé fyrir beitarlendi vegna þess lands sem fór undir lón en hefur síðan jafnframt miðað að því að draga úr raski á gróðurlendum og stöðva jarðvegsrof og gróðureyðingu. Landgræðslan felur í sér áburðargjöf, sáningu og plöntun trjáa.

Við lok framkvæmda getur verið þörf á uppgræðslu framkvæmdasvæða t.d. haugssvæða, vinnubúða- og athafnasvæða verktaka.

**Umhverfisáhrif:**

Umhverfisáhrifum umhverfisþáttarins eru skipt upp í jákvæð og neikvæð áhrif.

Jákvæð umhverfisáhrif landgræðslu felast fyrst og fremst í að stöðva jarðvegsrof og gróðureyðingu og draga úr ágangi á viðkvæm gróðurlendi, ásamt því að byggja upp vistkerfi á viðkomandi svæðum. Með landgræðslu er jafnframt stuðlað að bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi og sem mótvægi við losun gróðurhúsalofttegunda.

Neikvæð áhrif áburðargjafar og sáningar geta falist í því að vistkerfi á viðkomandi svæðum verði með einsleitari tegundasamsetningu en áður. Of mikil áburðargjöf getur leitt til þess að grös verði ríkjandi í gróðri og að gróðurlendi verði ekki sjálfbær. Ofnotkun áburðar á vistkerfi getur leitt til útskolunar næringarefna í grunnvatn.

**Umhverfisáhætta:**

Umhverfisáhætta er ekki talin mikil. Með skýrum markmiðum og skipulagðri landgræðslu er umhverfinu lítil hætta búin

**Fyrirbyggjandi stýring:**

Skipulögð landgræðsla með skýrum markmiðum og gerð uppgræðsluáætlana fyrir áhrifasvæði nýrra framkvæmda og mannvirkja í heild sinni. Við uppgræðslu er tekið mið af náttúrufarslegum aðstæðum t.d. hæð yfir sjó, landhalla, jarðvegsgerð og gróðurþekju. Fyrir áhrifasvæði aflstöðva byggðar fyrir árið 2007 hefur verið tekið saman heildstætt yfirlit yfir landgræðslu Landsvirkjunar. Unnið er að uppgræðslu samkvæmt samningum/samkomulagi við viðkomandi hagsmunaðila.

**Vöktun:**

Fylgst er með árangri uppgræðslu m.t.t. settra markmiða. Fylgst er með magni áburðar, sáninga og plöntun trjáa á hverjum stað og það skráð í grænt bókhald (kg á ha og stk). Árangur kolefnisbindingar á uppgræðslusvæðum Landsvirkjunar og samstarfsverkefnum á öðrum svæðum er metinn og skráður í grænt bókhald.

**Ástæða flokkunar:**

Landgræðsla flokkast sem B umhverfisþáttur, þ.e. sem umhverfisþáttur sem veldur eða getur valdið umhverfisáhrifum.

Þjóðarmarkmið er að unnið sé skipulega við landgræðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar á hverju svæði.